



# Áveitan

2. tbl. 11. árgangur. Febrúar 2017

## Þorralót í Þingborg

Minum á miðapantanir fyrir þorralót í Þingborg. Fresturinn til að tryggja sér miða rennur út sunnudagskvöldið 5. febrúar. Miðapantanir eru í sínum 867-3538 (Baldur Gauti) og 856-5595 (Dagbjartur). Miðaverði verður að venju stillt í hóf.

Minum einnig á að sækja skal pantaða miða miðvikudag 8. febrúar frá kl. 19 – 21 eða laugardaginn 11. febrúar frá kl. 11–13 í Þingborg. Eða eftir nánari samkomulagi hjá þeim sem pantað er hjá.

Og fyrir þá sem hafa hug á því að skella sér bara á ballið, þar sem hljómsveitin Viggó spilar fyrir dansi fram eftir nóttu, þá opnar húsið fyrir ballgesti kl. 23:30 og miðaverð er litlar 2500 krónur.

## Þorralót í Þjórsárveri 2017

Híð geysivinsæla þorralót í Þjórsárveri verður haldið 18. febrúar 2017. Húsið opnar kl 20:30 og borðhald hefst kl 21:00.

Nefndin, sem að þessu sinni samanstendur af Kolsholtshelli, Kolsholtsbæjunum og Vatnsholtsbæjunum, lofar góðum skemmtiatriðum, Veislupjónusta Suðurlands sér um að enginn verði svangur og hljómsveitin Allt í Einu heldur uppi dansstuðinu fram eftir nóttu.

Miðapantanir eru í síma 4863304 ( Kolbrún Júlíusdóttir / Aðalsteinn Sveinsson) og í síma 4863404 (Aðalheiður Sveinbjörnsdóttir / Erling Pétursson). Panta skal miða í síðasta lagi 11. febrúar og er miðaverð 7800kr.

Hlökkum til að sjá ykkur!

Nefndin



## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Ragnar Sigurjónsson  
icegordon@gmail.com  
S. 820-3565

lðunn Ýr Ásgeirsdóttir  
idunnyr84@gmail.com  
S: 865-1454

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is  
S. 892-4155

## Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar

Í byrjun þorra er veturinn hálfnaður og snjórinn hefur ekki verið mikið að trufla samgöngur á svæðinu okkar fram til þessa. Enn eru þó nokkrir mánuðir eftir þar sem við gætum átt von á því að þurfa að leita til verktaka í snjómokstri. Þess vegna vil ég minna ykkur á að huga vel að því að ekki séu vinnuvélar eða annað í vegköntum sem gæti tafið mokstur ef til þess kæmi. Skólalábilstjórar hafa einnig bent á að það sé mjög mikilvægt að gott rými sé til þess að snúa við á bæjarhlöðum. Við biðjum ykkur því að taka tillit til þeirra þannig að aksturinn gangi sem greiðast.

Starfsmenn á fasteignasviði hafa unnið að viðhaldi og endurbótum í félagsheimilunum Þingborg og Félagslundi. Tjöld á sviði í Þingborg hafa verið lagfærð, smíðuð geymsla fyrir íþróttahöld og gerðar endurbætur á skólahreystibrautinni.

Á skrifstofu Flóahrepps hefur verið haldið áfram með innleiðingu á nýju bókhalds og launakerfi fyrir sveitarfélagið. Vinnan við það gengur samkvæmt áætlun og má reikna með að henni ljúki um miðjan febrúar. Fasteignagjöldin verða lögð á í febrúar og fyrsti gjalddagi þeirra er 1. mars. Eindagi er síðasti dagur hvers gjalddagamánaðar. Endurskoðun bókhalds og stjórnarsýslu vegna ársreiknings ársins er hafin og fer sú vinna fram bæði á skrifstofunni og í starfstöðvum endurskoðenda.

Slæmar malbiksskemmdir eru nú bæði á Villingaholtsvegi og Gaulverjabæjarvegi. Ábendingar hafa verið sendar til Vegagerðarinnar vegna þess og fyrir liggja loforð um úrbætur á allra næstu dögum. *Gott að hafa þetta í huga og fara varlega á þessum vegum meðan ástandið er svona því holurnar eru djúpar með mjög hvössum brúnum.*

Nýr upplýsingabæklingur „Visit Árborg og Flóahreppur“ „Central of South Iceland“ er kominn úr prentun. Upplýsingabæklingurinn hefur verið yfirfarinn og endurbættur skv. ábendingum sem komu fram við fyrstu útgáfu hans á síðasta ári, auk þess sem aftast hefur verið bætt inn einni opnu með mikilvægum upplýsingum varðandi merkingar og öryggisatriði á ferðlögum um landið. Þeim sem hafa hug á að fá eintök til dreifingar er bent á „Upplýsingamiðstöð Árborgar og Flóahrepps“ í Miðgarði á Selfossi þar sem hægt er að nálgast bæklinginn.

Áveitunni fylgir eintak af sorphirðudagatalinu fyrir Flóahrepp árið 2017. Dagatalið er aðgengilegt á heimasíðu sveitarfélagsins (Sorphirða - blár tengill á forsiðu, hægra megin) Þar er einnig að finna upplýsingar um opnunartíma á gámasvæði Íslenska Gámafélagsins í Hrísmýri á Selfossi. Bent er á að þar geta íbúar Flóahrepps losað sig við flokkaðan úrgang án endurgjalds. Heimasíða Íslenska Gámafélagsins er [www.gamur.is](http://www.gamur.is) en þar er einnig að finna nánari upplýsingar um þjónustu fyrirtækisins og leiðbeiningar um flokkun.

Að lokum óska ég íbúum og gestum þeirra góðrar skemmtunar á þorrablótunum sem verða í öllum fêlgasheimilum sveitarfélagsins.

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps

## Fjör í Flóa 2017

Dagana 26.-28. maí verður fjölskyldu- og menningarhátíð Flóahrepps haldin, því er ekki seinna vænna en að taka helgina frá. Þar sem dagskrá hátíðarinnar er í mótun þá viljum við gjarnan heyra í þér, ef þú hefur frábæra hugmynd til þess að gera hátíðina skemmtilega og fjölbreytta. Einnig hvetjum við alla sem hafa áhuga á því að vera með viðburð, sýningar eða sölubás um að hafa samband við okkur í menningarnefnd Flóahrepps, lðunni [idunnyrasgeirsdottir@gmail.com](mailto:idunnyrasgeirsdottir@gmail.com), Sigurbáru [sigurbara@floahreppur.is](mailto:sigurbara@floahreppur.is) og Rósu [rosumatt@simnet.is](mailto:rosumatt@simnet.is)  
Menningarnefnd Flóahrepps

## Messur í Villingaholts-, Hraungerðis- og Laugardælakirkjum

- 12. febrúar** 1. Sd. í 9 vikna föstu: Messa í Villingaholtskirkju kl. 13:30, prestur sr. Ninna Sif Svavarsdóttir.
- 5. mars** 1. sd. í föstu: Messa í Hraungerðiskirkju kl. 13:30, Prestur sr. Guðbjörg Arnardóttir
- 13. apríl**, skírdagur: Messa í Laugardælakirkju kl.13:30, Prestur sr. Ninna Sif Svavarsdóttir
- 16. apríl** páskadagur: Messa í Villingaholtskirkju kl. 11:00, Prestur sr. Guðbjörg Arnardóttir
- 17. apríl**, annar páskadagur: Messa í Hraungerðiskirkju kl. 11:00, prestur sr. Guðbjörg Arnardóttir
- 4. júní**, hvítasunnudagur: Fermingarmessa í Villingaholtskirkju, prestur sr. Guðbjörg Arnardóttir ath tímasetning tilkynnt síðar
- 5. júní**, annar hvítasunnudagur: Fermingarmessa í Hraungerðiskirkju, prestur sr. Ninna Sif Svavarsdóttir ath tímasetning tilkynnt síðar.
- 11. júní**, þrenningarhátíð: Messa í Laugardælakirkju kl. 13:30, Prestur sr. Ninna Sif Svavarsdóttir

# UPPSKRIFTARHORNID

Jæja þá er komið að mér að opna uppskriftabókina mína, þökk sé Kristínu í Gaulverjabæ. Einhverju hlýt ég að luma á. Ég baka oft brauð og flatkökur, það borðast vel á bænum og er örugglega ekkert nema hollusta.

**Flatkökur** (Þetta er svolítið stór uppskrift en ég læt hana flakka. Lesendur geta þá bara minnkað hana til að prófa).

4 bollar hveiti

4 bollar heilhveiti

1-2 bollar rúgmjöl

2 bollar haframjöl

3-4 tsk salt

1.7 ltr sjóðandi vatn (kannski aðeins meira, stundum gusar maður of miklu mjöli)

Öllu blandað saman og hnoðað vel. Skipt upp í u.þ.b. 30 bita og flatt út í kökur á stærð við meðal matardisk. Bakað á eldavélarhelli og kökurnar pikkaðar þegar þær eru komnar á helluna. Setjið í stafla og leyfið þeim að kólna í bunkanum. Hristið hann aðeins til svo þær klessist ekki alveg saman. Bestar nýbakaðar með miklu smjöri sem lekur út um allt.....

Svo er þetta brauð mjög vinsælt og það er kallað heimsins besta brauð, það er líka mjög auðvelt í bakstri, eiginlega bara hviss---bang.....

## Heimsins besta brauð

650 gr hveiti

150 gr heilhveiti

1-2 dl sólblómafræ

1-2 dl sesamfræ

4 kúfaðar tsk lyftiduft

1 sléttfull tsk matarsódi

1 tsk salt

5-6 dl súrmjólk

2-3 dl vatn

Ofan á brauðið:

1 egg og sesamfræ

Ofninn hitaður í 175 °C. Öll hráefni sett í skál og hrært varlega, ekki má nota hrærivél, deigið getur orðið seigt. Skiptið í 2 form sem klædd hafa verið með bökunarpappír. Eggið hrært og sett yfir brauðin og sesamfræjum stráð yfir. Bakað í 50mín.

Verði ykkur að góðu lesendur góðir, vonandi prófið þið þetta. Ég skora á Stefáníu í Hamarshjáleigu að koma með uppskriftir í næstu Áveitu, hún er mjög flink í eldhúsinu.

Margrét Jónsdóttir, Syðra-Velli

# Íbúafundur um skólamál í Flóaskóla

15. febrúar 2017

19:30 – 21:00

Flóaskóli – kaffistofa starfsfólks á neðri hæð  
nýja skólans.

Staðsetning:

Fundahaldari: Skólaráð Flóaskóla

---

## 19:30 – 19:45 **Inngangserindi**

Brynjar Jón Brynjarsson fulltrúi nemenda í skólaráði.

---

## 20:00 – 20:30 **Hópavinna**

Stofa 201. **Frjálssar umræður** – umræðustjóri: Anna Greta

Stofa 202. **Snjallsímar í skólanum** – umræðustjóri:

Ingunn Jónsdóttir

Stofa 203. **Samstarf heimila og skóla og Þáttaka**

**grendarsamfélagsins í námi nemenda** – umræðustjóri:

Pia Rita Simone

Stofa 303. **Útisvæði Flóaskóla** – umræðustjóri:

---

## 20:30 – 20:50 **Kynningar og umræður**

Hver hópur fær 5 mín til að kynna vinnuna í hópnum

---

## 20:50 – 21:00 **Fundarlok**

Anna Greta Ólafsdóttir skólastjóri lokar fundi

### **Uxakjöt beint frá bónda !**

Seljum uxakjöt beint frá bónda. Uxakjöt er fitusprengrara og meirara en nautakjöt og því aðeins meira „gourme“ en hefðbundið nautakjöt. Hagstæðustu kaupin eru ¼ skrokkur (ca 30-35 kg) af úrbeinuðu kjöti.

Vacuum pökkuðu og klárt í kistuna.

Einnig er stundum hægt að fá minni einingu eftir samkomulagi og stakar steikur. Hægt er að panta heilan eða hálfan skrokk og láta úrbeina sjálft sé fólk með úrbeiningaaðila.

Endilega hafðu samband ef að þú hefur áhuga á 100% íslensku kjöti

Hrafnhildur og Ragnar Litla-Ármóti

litlaarmot@gmail.com Sími:866-9296

## Fréttir af aðalfundi Umf. Þjótanda

Aðalfundur ungmennafélagsins var haldinn 26. janúar síðastliðinn í Þingborg. 18 félagar voru mættir á fundinn. Á fundinum var birt ný ársskýrsla sem var lesin af formanni og nefndarformönnum. Farið var yfir reikninga og þar kom fram að fjárhagsstaða félagsins er sterk þrátt fyrir að árið 2016 hafi komið út í mínus. Helsta ástæða þess eru bolakaup félagsins en félagið keypti lager af bolum á árinu og niðurgeiðir þá um 50% til félaga. Veitt voru tvenn verðlaun á árinu, annarsvegar hlaut Árni Geir Hilmarsson verðlaunin Félagi ársins og hinsvegar var Marín Laufey Davíðsdóttir, glímukona, kjörin íþróttamaður Umf. Þjótanda. Nánari umsögn um verðlaunahafana má finna í ársskýrslunni.

Á fundinum fóru fram kosningar í stjórn félagsins. Stefán Geirsson og Baldur Gauti Tryggvason sem höfðu setið í varastjórn gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og voru Örvar Rafn Hlíðdal og Guðmundur Bjarnason kosnir í þeirra stað. Árni Geir Hilmarsson gaf ekki kost á sér áfram sem íþróttanefndarformaður en bauð sig fram sem skemmtinefndarformann í staðinn. Árni Geir stakk jafnframt uppá eftirmanni sínum til formennsku í þróttanefnd en hans tillaga var að Jón Gunnþór Þorsteinsson og Stefán Narfi Bjarnason myndu báðir gegna formennsku í nefndinni og deila með sér verkefnum. Það var samþykkt, enda mörg verk sem hvíla á herðum formanns íþróttanefndar. Aðrir stjórnarmenn hlutu endurkjör.

Ýmis mál komu til umræðu á fundinum en mesta furðu fundarmanna vakti sú staðreynd að Flóahreppur heimtíur húsaleigu af félaginu fyrir fjóra fjáröflunarviðburði á árinu. Fundarmönnum þótti það sorgleg staðreynd að á sumum þessara viðburða hefði húsaleigan verið hærrí upphæð heldur en þeir peningar sem stóðu eftir hjá félaginu fyrir viðburðinn. Einnig var rætt um að gott væri að hafa sérstakan ljósmyndara á vegum félagsins, einhvern sem mætti vel á viðburði og væri alltaf með myndavélina á lofti. Ef einhver hefur áhuga á að taka það að sér þá er um að gera að setja sig í samband við stjórnina.

Guðmunda Ólafsdóttir

## Þakkir vegna þrettándagleði

Þrettándagleði Umf. Þjótanda fór fram á þrettándanum og tókst mjög vel. Við viljum nýta tækifærið og þakka nokkrum aðilum fyrir þeirra framlag á gleðinni. Margrét Rögnvaldsdóttir í Vatnsholti 3 fær hér með kærar þakkir fyrir brennuefnið sem hún gaf félaginu. Það var henni að þakka að brennan var eins glæsileg og raun bar vitni. Spilað var bingó á gleðinni og voru flestir bingóvinningarnir gefnir af fyrirtækjum og einstaklingum. Það voru: Alda Stefánsdóttir í Syðri-Gróf, Baldvin og Þorvaldur, Byko, Nettó, MS, Kaffi Krús, Selfossbíó, Tiger, Kastalinn, Hamborgarabúllan, Motivo, Rúmfatalagerinn og Intersport. Við þökkum þessum aðilum kærlega fyrir stuðninginn.

Stjórnin

## Pistillinn

Ég þakka Fanndísi nágrannakonu minni fyrir að skora á mig og treysta mér fyrir pistlinum. Halla heiti ég og bý í Ölvisholti ásamt dóttur, vinafólki (Rob og Cate) og ýmsum dýrum, þar á þeim Káti og Pippin. Í ljósi þess að björgunarhundar hafa verið í kastljósinu undanfarið langar mig að segja ykkur smá frá þeim.

Í Flóahreppi búa sem stendur 6 björgunarhundar, þar af 3 útkallshundar og 1 elli lifeyrisþegi. Cate er að þjálfá hana Pippin, ég að þjálfá Kát og Rob er að þjálfá gotsystur Káts sem býr á Rauðalæk. Við erum öll í Björgunarhundasveit Íslands (BHSÍ).

Hér á landi fara flestir hundanna í BHSÍ á æfingar í víðavangssleit á sumrin og svo í snjóflóðaleit á veturna. Margir hafa líka þjálfað hundana sína í rústaleit og nokkrir byrjað æfingar í sporaleit en aðeins einn hundur, tók af blóðhundakyni, er fullþjálfuð í sporaleit. Flestir hundanna í hundasveitinni okkar eru af Border Collie eða Labrador kyni en einnig nokkrar aðrar flottar tegundir og blendingar.

Það sem efnilegur/góður björgunarhundur þarf að hafa er ekki endilega flott ættartré, en heilbrigði og vinnusemi ásamt endalausum áhuga á því að leika eða borða er nauðsynlegt í þessu starfi. Þeir hlaupa sem sagt í nokkra klukkutíma upp um fjöll og fyrnindi eða grafa af sér lappirnar í gegnum snjó og ís með öll skilningarvit á fullu fyrir eina litla tistudúkkuna eða smá lifrarpylsubita?

Það tekur að lágmarki þrjú ár að fullþjálfá björgunarhund og eiga æfingarnar að vera það skemmtilegasta sem hundarnir gera. Með nýja hunda/hvolpa er byrjað er á einföldum æfingum og æfingar þyngdar smám saman. Eftir „þrotlausar æfingar“ má hundurinn taka C-próf á fyrsta ári, á öðru ári geta hundar tekið B-próf og farið á útkallslista. Á þriðja árinu getur hundur tekið A-próf og er þá orðinn fullþjálfuður og þarf eftir það að fara í A-endurmat á hverju ári. Þjálfari hundsins þarf líka að fara í gegnum þjálfun, ekki bara með hundinn heldur þarf hann að vera fullgildur björgunarmaður sjálfur. Ef einhver er áhugasamur um að kíkja á æfingu, tynast smá, prófa eða bara kynna sér þetta nánar þá endilega hafið samband. Það þarf ekki að eiga hund ☺

Að lokum langar mig að skora á hann Jón Elías bróður minn að skrifa næsta pistil.

Halla Kjartansdóttir

### **Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:**

#### **Gaman saman í Þjórsárveri**

Handavinnu og spjallkvöld verða haldin í Þjórsárveri mánudagskvöldin 6. og 20. febrúar frá kl. 20.00 til 22.00 Allar konur velkomnar að eiga skemmtilega stund saman.

Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps verður haldinn í Þjórsárveri fimmtudagskvöldið 9. mars kl. 20.30. Nánar auglýst í næstu Áveitu.

Nýjar konur boðnar hjartanlega velkomnar á fundinn.

**Ath. Þetta er hundraðasti aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps**

## Íþróttafréttir

**Aldursflokkamót HSK, Unglingamót HSK og Héraðsmót HSK** voru haldin samhliða 15. janúar í frjálsíþróttahöllinni í Kaplakrika. Vaskur hópur 11-14 ára krakka fóru á mótið með rútu ásamt Örvari Þjálfara og uppskáru 7. sæti í stigakeppninni með 77 stig og þrjá HSK meistaratitla. Margir voru þarna að keppa á sínu fyrsta stóra móti og örugglega mikil upplifun fyrir krakkana að fá að keppa í frjálsíþróttahöll með öllum græjum. Eftir mótið fór hópurinn á pizzahlaðborð til að setja punktinn yfir i-ið á þessum góða degi. Hér er árangur 11-14 ára hópsins:

Soffía Náttól Andradóttir '06	60m hlaup	11,07sek	13. sæti
	Langstökk	2,92m	9. sæti
	Kúlurv. (2kg)	4,13m	14. sæti
Þórunn Sturludóttir Schacht '06	60m hlaup	11,63sek	16. sæti
	Langstökk	2,42m	18. sæti
	Kúlurv. (2kg)	4,88m	11. sæti
Heiða Lára Bjarnadóttir '06	60m hlaup	12,37sek	19. sæti
	Langstökk	2,55m	17. sæti
	Kúlurv. (2kg)	4,96m	10. sæti
Ólöf Vala Heimisdóttir '06	60m hlaup	13,18sek	20. sæti
	Langstökk	2,10m	19. sæti
	Kúlurv. (2kg)	3,69m	18. sæti
Laufey Árnadóttir '06	Langstökk	2,05m	20. sæti
	Kúlurv. (2kg)	4,00m	16. sæti
Melkorka Álfús Hjartard. '06	Langstökk	1,92m	21. sæti
	Kúlurv. (2kg)	3,70m	17. sæti
Katrín Ágústsdóttir '05	60m hlaup	9,63sek	4. sæti
	Hástökk	1,20m	5. sæti
	Langstökk	3,62m	5. sæti
	Kúlurv. (2kg)	7,71m	2. sæti
Aldís Tanja Sigmarsdóttir '05	60m hlaup	10,67sek	10. sæti
	Hástökk	1,00m	10. sæti
	Langstökk	2,93m	10. sæti
Erlín Katla Hansdóttir '05	Langstökk	2,83m	11. sæti
	Kúlurv. (2kg)	6,37m	9. sæti
Elisabet Ingvarsdóttir '05	Langstökk	2,31m	12. sæti
	Kúlurv. (2kg)	4,43m	12. sæti



Freyja Kristín Guðjónsdóttir	'04	60m hlaup	11,85sek	12. sæti
		Langstökk	2,63m	12. sæti
		Kúluv. (2kg)	6,98m	13. sæti
Viðar Hrafn Victorsson	'06	60m hlaup	9,87sek	2. sæti
		600m hlaup	2:09,44mín	1. sæti
		Hástökk	1,10m	5.-6. sæti
		Langstökk	3,27m	7. sæti
		Kúluv. (2kg)	6,02m	9. sæti
Hjalti Geir Jónsson	'06	60m hlaup	10,06sek	5. sæti
		Hástökk	1,00m	8.-10. sæti
		Langstökk	3,07m	8. sæti
		Kúluv. (2kg)	6,15m	7. sæti
Oddur Olav Davíðsson	'06	60m hlaup	10,12 sek	6. sæti
		600m hlaup	2:12,11mín	5. sæti
		Hástökk	1,10m	5.-6. sæti
		Langstökk	3,37m	5. sæti
		Kúluv. (2kg)	5,23m	12. sæti
Auðunn Ingi Davíðsson	'06	60m hlaup	10,13sek	7. sæti
		600m hlaup	2:10,98mín	4. sæti
		Hástökk	1,15m	4. sæti
		Langstökk	3,35m	6. sæti
		Kúluv. (2kg.)	5,32m	10. sæti
Benjamín M. Magnússon	'06	60m hlaup	15,25sek	Gestur
		Hástökk	1,00m	Gestur
		Kúluvarp 2kg	7,06m	Gestur
Sigurjón Reynisson	'05	60m hlaup	9,45sek	4. sæti
		600m hlaup	1:59,90mín	1. sæti
		Hástökk	1,10m	5. sæti
		Langstökk	4,05m	1. sæti
		Kúluvarp 3kg	6,25m	5. sæti
Elías Örn Jónsson	'03	60m hlaup	9,55sek	4. sæti
		Langstökk	3,35m	4. sæti
		Kúluvarp 4kg	6,47m	7. sæti
Victor Örn Victorsson	'03	60m hlaup	10,12sek	6. sæti
		600m hlaup	2:13,13mín	3. sæti
Símon Martinsson	'03	60m hlaup	10,42sek	7. sæti
		Langstökk	3,22m	6. sæti
Unnsteinn Reynisson	'03	600m hlaup	1:54,55mín	2. sæti

Umf. Þjótandi átti fjóra keppendur á Unglingamóti HSK og náði þar þriðja sæti með 68 stig þrátt fyrir að vera ekki fleiri en þetta. Stefán Narfi var að vanda atkvæðamikill og náði fjórum HSK titlum. Hér er árangur keppendanna á unglingamótinu:

Stefán Narfi Bjarnason	'00	60m hlaup	7,70sek	1. sæti
		800m hlaup	2:51,85mín	3. sæti
		60m grind	9,75sek	2. sæti
		Hástökk	1,60m	1. sæti
		Langstökk	5,78m	1. sæti
		Kúlúv. (5kg)	12,66m	1. sæti
Brynjar Jón Brynjarsson	'01	60m hlaup	8,13sek	6. sæti
		800m hlaup	2:31,23mín	2. sæti
		60m grind	10,93sek	3. sæti
		Hástökk	1,40m	4. sæti
		Langstökk	4,61	6. sæti
		Kúlúv. (5kg)	9,03	4. sæti
Hugi Snær Jónsson	'01	60m hlaup	8,87sek	7. sæti
		60m grind.	11,87sek	5. sæti
		Langstökk	3,80m	7. sæti
		Kúlúv. (5kg)	5,82m	6. sæti
Sunna Skeggjadóttir	'99	60m hlaup	9,65sek	2. sæti
		Langstökk	3,68m	2. sæti
		Kúlúv. (4kg)	8,13m	2. sæti

Umf. Þjótandi átti einn keppanda á Héraðsmóti fullorðinna en Stefán Geirsson kíkta við og keppti í kúluvarpi. Hann náði þriðja sæti í greininni og skilaði félaginu í fimmta sæti heildarstigakeppninnar. Héraðsmót fullorðinna var því miður frekar fámennnt að þessu sinni en það verður vonandi betra á næsta ári.

Stefán Geirsson	'81	Kúlúv. (7,26kg)	11,07m	3. sæti
-----------------	-----	-----------------	--------	---------

### MÍ 11-14 ára

Þjótandi átti svo 8 keppendur á Meistaramóti Íslands 11-14 ára í Kaplakrika um síðustu helgi. Úrslit af mótinu munu birtast í næstu Áveitu.



## 100 ára afmæli Kvenfélags Villingaholtshrepps

Kvenfélög í sveitum landsins hafa í gegnum tíðina skipað stóran sess í menningalífi sveitafélaganna. Þau urði til um og upp úr aldamótunum 1900 og voru hluti að þeirri byltingu sem varð á þeirri öld sem færði okkur í það samfélag sem búum í dag. Konur sem fram að þeim tíma voru heima og sinntu sínum skildustörfum við bú og heimili fengu nú tækifæri til að lyfta sér upp frá hversdagsleikanum og vinna saman að ýmsum málefnum sem snéru að velferð samfélagsins og hlúa að þeim sem minna átt eða þeirra sem höfðu misst.

Á svonna tímamótum eins og þegar kvenfélag í sveitinni verður 100 ára er ekki úr vegi að staldra við og líta yfir farinn veg. Þjóðfélagshættir hafa mikið breyst á þessari öld sem liðin er. Konur fóru þá gangandi milli bæja til að hittast og urðu að gæta þess að ekkert færi úr skorðum heima fyrir og matur til í pottum og vera örugglega komnar heim fyrir seinni mjaltir.

Á síðasta aðalfundi var kosin nefnd til að taka saman eitthvað úr sögu félagsins og í henni sitja auk mín Kristín Stefánsdóttir og María Hödd Lindudóttir

Við ætlum að reyna að skyggjast aftur í tímann og rifja sitthvað úr sögu félagsins, rýna í gamlar fundagerðir og gögn félagsins og miðla til ykkar í næstu fréttabréfum Áveitunnar. Þetta á ekki að vera heildstæð saga kvenfélagsins, aðeins draga saman helstu þætti sem okkur þykir áhugaverðir og rifja upp tilurð og tilgang félagsins í upphafi og hvernig það hefur þróast á 100 árum. Vona að einhverjir hafi gaman af.

Elín Bjarnveig Sveinsdóttir

### Kvenfélagsformenn frá upphafi

1917-1920	Guðrún Einarsdóttir Urriðafossi
1920-1930	Ingibjörg Sigmundóttir Vatnsenda
1930-1937	Guðbjörg Vigfúsdóttir Önundarholti
1937-1953	Þuríður Arnadóttir Hurðarbaki
1953-1954	Eyrún Guðmundsdóttir Dalsmynni
1956-1971	Oddý Kristjánsdóttir Ferjunesi
1971-1977	Unnur Þórarinsdóttir Urriðafoss
1977-1983	Halla Aðalsteinsdóttir Kolshoti I
1983-1989	Kristín Stefánsdóttir Hurðarbaki
1989-1992	Ásta Ólafsdóttir Skúflæk
1992-2001	Eydís Eiríksdóttir Kolsholti II
2001-2007	Elín Bjarnveig Sveinsdóttir Egilsstaðakoti
2007-2013	Valgerður Gestsdóttir Mjósyndi
2013-	Sólveig Þórðardóttir Skúflæk II

## **Þjótandabúningar- ný pöntun**

Núna á að fara að safna upp í nýja pöntun af Þjótandagöllunum vinsælu. Þeir sem hafa áhuga á að panta galla eða fá frekari upplýsingar skulu senda póst á [gudmunda89@gmail.com](mailto:gudmunda89@gmail.com) með upplýsingum um stærð og hvort það eigi að vera merking á gallanum. Þeim sem voru búnir að hafa samband vegna gallakaupa er bent á að heyra í okkur aftur til að staðfesta pöntunina. Verðin eru:

Gallar í barnastærðum- 7900kr

Gallar í fullorðinsstærðum- 8900kr

Stök treyja barna- 5267kr

Stök treyja fullorðins- 5934kr

Nafnamerking á brjóst- 300kr

Stjórnin

## **Aðalfundur Fjárræktarfélags Villingaholtshrepps**

verður haldinn í Þjórsárveri fimmtudaginn 23. febrúar kl. 20:30. Venjuleg aðalfundarstörf og verðlaunaafhendingar. Félagsmenn og aðrir áhugasamir hvattir til að mæta.

Stjórnin

### **Dagskrá mánaðarins**

Þorablót í Félagslundu	4. febrúar
Glímuæfing	6. febrúar
Gaman saman í Þjórsárveri	6. febrúar
Æfing 8.-10. bekkur	7. febrúar
Æfing 5.-7. bekkur	8. febrúar
Þorablót í Þingborg	11. febrúar
Messa í Villingaholtskirkju	12. febrúar
Glímuæfing	13. febrúar
Æfing 8.-10. bekkur	14. febrúar
Æfing 5.-7. bekkur	15. febrúar
Íbúafundur um skólamál	15. febrúar
Þorablót í Þjórsárveri	18. febrúar
Glímuæfing	20. febrúar
Gaman saman í Þjórsárveri	20. febrúar
Æfing 8.-10. bekkur	21. febrúar
Æfing 5.-7. bekkur	22. febrúar
Aðalfundur Fjárræktarfélags Villingah.hf	23. febrúar
Glímuæfing	27. febrúar



VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR